

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS nr. 2000/13/EB

2002/EES/23/12

frá 20. mars 2000

um samræmingu laga aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla(*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS Hafa,
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽¹⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tilskipun ráðsins 79/112/EEB frá 18. desember 1978 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla ⁽³⁾ hefur oft verið mikið breytt ⁽⁴⁾. Til glöggvunar og hagræðingar skal téðri tilskipun af þeim sökum steipt saman í einn texta.
- 2) Ósamræmi í lögum og stjórnsýslufyrirmælum milli aðildarríkjanna um merkingu matvæla hindrar frjálsa umferð þessara vara og kann að leiða til ójafna samkeppnisskilyrða.
- 3) Samræming þessara laga ætti þess vegna að auðvelda starfsemi innri markaðarins.
- 4) Markmiðið með þessari tilskipun er að koma á almennum og altækum bandalagsreglum um öll matvæli sem sett eru á markað.
- 5) Sérstakar reglur, sem gilda einungis um tilteknar tegundir matvæla, ætti að setja fram í ákvæðum sem taka til þessara framleiðsluvara.
- 6) Í reglum um merkingar ber umfram allt að hafa í huga nauðsyn þess að upplýsa og vernda neytandann.
- 7) Með þessari nauðsyn er átt við að aðildarríkjunum er heimilt, í samræmi við reglur sáttmálans, að setja fram kröfur varðandi tungumál.
- 8) Ítarlegar merkingar, einkum þar sem nákvæmt eðli og sérkenni vörunnar kemur fram og gerir neytandanum kleift að byggja val sitt á alhliða þekkingu á vörunni, eru vel við hæfi þar eð þær leiða til þess að hindrunum í fríverslun fækkar.
- 9) Því ber að gera skrá yfir allar grundvallarupplýsingar sem eiga að koma fram á umbúðum allra matvæla.
- 10) Þó er gildissvið þessarar tilskipunar svo vítt að ekki er mögulegt í byrjun að allar lögboðnar upplýsingar feli í sér allar þær upplýsingar sem færa ber í skrána og eiga í aðalatriðum við um allar tegundir matvæla. Um þær þarf að setja bandalagsreglur síðar meir til viðbótar gildandi reglum.
- 11) Enda þótt aðildarríkin haldi rétti sínum til þess að setja tiltekin innlend lagaákvæði sem bæta má við almenn ákvæði þessarar tilskipunar, þar sem sérstakar bandalagsreglur vantar, verða þau ákvæði engu að síður að hljóta málsmeðferð innan bandalagsins.
- 12) Áðurnefnd málsmeðferð bandalagsins verður að koma til ákvörðunar bandalagsins óski aðildarríki að setja ný lög.
- 13) Einnig skal, í sérstökum tilvikum, gera ráð fyrir þeim möguleika að löggjafar bandalagsins víki frá tilteknum skyldum sem hafa almennt verið ákveðnar.
- 14) Reglur um merkingar ættu einnig að fela í sér bann við að gefa upplýsingar sem gætu verið villandi fyrir kaupandann eða eigna matvælum lækningaeiginleika. Til að bann þetta nái fram að ganga þarf það einnig að ná til kynningar og auglýsinga á matvælum.
- 15) Með það að markmiði að auðvelda viðskipti milli aðildarríkjanna má kveða svo á um, á þeim stigum sem eru undanfari sölu til neytandans, að eingöngu upplýsingar um mikilvæg atriði skuli koma fram á ytri umbúðum og tilteknar lögboðnar upplýsingar, sem skulu vera á matvælum í neytendaumbúðum, þurfi einungis að koma fram á viðskiptaskjólum þar að lútandi.
- 16) Aðildarríkin halda rétti sínum, allt eftir staðháttum og aðstæðum innanlands, til að setja reglur um merkingu matvæla sem seld eru í lausri vigt. Í slíkum tilvikum ber engu að síður að veita neytandanum upplýsingar.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 109, 6.5.2000, bls. 29, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/2001 frá 28. september 2001 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 60, 6.12.2001, bls. 13.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 258, 10.9.1999, bls. 12.

⁽²⁾ Álit Evrópuþingsins frá 18. janúar 2000 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB) og ákvörðun ráðsins frá 13. mars 2000.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 33, 8.2.1979, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/4/EB (Stjtið. EB L 43, 14.2.1997, bls. 21).

⁽⁴⁾ Sjá IV. viðauka, B-hluta.

- 17) Til þess að einfalda og hraða málsmeðferð er rétt að fela framkvæmdastjórninni að samþykkja tæknileg framkvæmdarákvæði.
- 18) Nauðsynlegar ráðstafanir til þess að hrinda þessari tilskipun í framkvæmd ber að samþykkja í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ⁽¹⁾.
- 19) Tilskipunin skal vera með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna um frest á lögleiðingu þeirra tilskipana sem settar eru fram í B-hluta IV. viðauka.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

1. Í þessari tilskipun er fjallað um merkingu matvæla sem afgreidd eru sem slík til neytandans og tiltekin atriði viðvikjandi kynningu og auglýsingu þeirra.
2. Tilskipun þessi skal einnig gilda um matvæli til veitingahúsa, sjúkrahúsa, mótuneyta og annarra sambærilegra stóreldhúsa (hér á eftir nefnd „stóreldhús“).
3. Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:
- a) „merking“: orð, upplýsingar, vörumerki, sérheiti, myndefni eða tákn sem varða matvæli og eru sett á allar umbúðir, skjöl, tilkynningar, merkimiða, hringi eða kruga sem fylgja slíkum matvælum eða vísa til þeirra;
- b) „matvæli í neytendaumbúðum“: vörueining sem ætluð er til afhendingar í óbreyttu ástandi til neytenda og stóreldhúsa og samanstandur af matvælum og umbúðum þeirra, áður en þau eru boðin til sölu, hvort sem umbúðirnar umlykja matvæli til fulls eða aðeins að hluta, en þó á þann hátt að ekki sé unnt að hrófla við innihaldinu án þess að umbúðirnar séu opnaðar eða þeim breytt.

2. gr.

1. Merkingarnar og merkingaraðferðirnar skulu ekki:
- a) vera þess eðlis að þær geti villt um fyrir kaupandanum, einkum:
- i) að því er varðar sérkenni matvællanna, nánar tiltekið eðli þeirra, auðkenni, eiginleika, samsetningu, magn, geymsluþol, uppruna, aðferð við gerð eða framleiðslu;
- ii) með því að eigna matvælunum áhrif eða eiginleika sem þau hafa ekki;
- iii) með því að gefa í skyn að matvælin hafi tiltekin sérkenni ef öll svipuð matvæli hafa í raun þessi sérkenni;

- b) eigna matvælum þá eiginleika að fyrirbyggja, vinna á eða lækna sjúkdóma manna eða gefa í skyn slíka eiginleika, samanber bandalagsákvæði sem gilda um ölkelduvatn og sérfaði.

2. Ráðið skal, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 95. gr. sáttmálans, semja skrá, sem ekki er tæmandi, um atriði sem í skilningi 1. mgr. eru með öllu óleyfileg eða takmörkunum háð.

3. Bönn eða takmarkanir, sem um getur í 1. og 2. mgr., gilda einnig um:

- a) kynningu matvæla, einkum hvað varðar lögum, útlit eða umbúðir, umbúðarefni sem notuð eru, hvernig þeim er komið fyrir og við hvaða aðstæður þau eru höfð til sýnis;
- b) auglýsingar.

3. gr.

1. Í samræmi við 4. –17. gr., þó með fyrirvara um undantekningar sem þar eru tilgreindar, er einungis skylt að birta eftirfarandi upplýsingar á matvælaumbúðum:

- 1) vöruheiti;
- 2) innihaldslýsingu;
- 3) magn tiltekinna innihaldsefna eða flokka innihaldsefna eins og kveðið er á um í 7. gr.;
- 4) nettómagn þegar um matvæli í neytendaumbúðum er að ræða;
- 5) lágmarksgeymsluþol eða, ef um er að ræða matvæli sem eru mjög viðkvæm fyrir skemmdum frá örverufræðilegu sjónarmiði, síðasti notkunardagur;
- 6) sérstök skilyrði um geymslu eða notkun;
- 7) heiti eða fyrirtækjaheiti og heimilisfang framleiðanda, pökkunaraðila eða seljanda með staðfestu í bandalaginu.

Aðildarríkjum er samt heimilt að krefjast aðeins upplýsinga um framleiðanda, pökkunaraðila eða seljanda smjörs sem er framleitt á yfirráðasvæði þeirra.

Með fyrirvara um tilkynninguna, sem kveðið er á um í 24. gr., skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum upplýsingar um allar ráðstafanir sem gerðar eru samkvæmt annarri málsgrein;

- 8) upplýsingar um uppruna eða framleiðslustað ef skortur á slíkum upplýsingum gæti villt um fyrir neytandanum hvað varðar réttan uppruna eða framleiðslustað matvællanna;
- 9) notkunarleiðbeiningar ef ekki er unnt að nýta matvælin á réttan hátt án slíkra leiðbeininga;
- 10) að því er varðar drykkjarvörur sem innihalda meira en 1,2 % alkóhól miðað við rúmmál, raunverulegur alkóhólstyrkleiki miðað við magn.

⁽¹⁾ Stjtúð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

2. Þrátt fyrir ákvæði fyrri málsgreinar er aðildarríkjunum heimilt að viðhalda ákvæðum landslaga þar sem krafist er upplýsinga um verksmiðju eða þökkunaraðila vegna innleðrar framleiðslu.

3. Ákvæði þessarar greinar gilda með fyrirvara um nákvæmari og víðtækari ákvæði um þyngd og mál.

4. gr.

1. Í bandalagsákvæðum, sem gilda um tiltekin matvæli en ekki um matvæli almennt, getur í sérstökum tilvikum verið veitt undanþága frá kröfunum sem settar eru fram í 2. og 5. lið 1. mgr. 3. gr., að því tilskildu að það leiði ekki til þess að kaupandinn fái ónógar upplýsingar.

2. Heimilt er að kveða á um í bandalagsákvæðum sem gilda um sérstök matvæli en ekki um matvæli almennt að viðbótarupplýsingar við þær sem taldar eru upp í 3. gr. verði að koma fram í merkingunum.

Séu slík bandalagsákvæði ekki til er aðildarríkjunum heimilt að setja ákvæði um slíkar upplýsingar í samræmi við málsmæðferð þá sem mælt er fyrir um í 19. gr.

3. Bandalagsákvæðin, sem um getur í 1. og 2. mgr., skulu samþykkt í samræmi við málsmæðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 20. gr.

5. gr.

1. Það heiti, sem matvælin eru seld undir, skal vera það heiti sem ákvæði bandalagsins, sem gilda um þau, segja til um.

a) Vanti ákvæði bandalagsins skal það heiti, sem vara er seld undir, vera það heiti sem kveðið er á um í gildandi lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkinu þar sem varan er seld neytendum eða stórelldhúsum.

Vanti slíkt heiti skal það heiti, sem varan er seld undir, vera hefðbundið heiti í aðildarríkinu, þar sem matvælin eru seld til neytenda eða stórelldhúsa, eða sú lýsing á þeim og, ef þörf krefur, á notkun þeirra sem er nógu nákvæm til að kaupandinn fái rétta hugmynd um eðli matvælnanna og geti greint þau frá öðrum vörum sem þau kunna að vera tekin í misgripum fyrir.

b) Einnig er heimilt að nota vöruheiti, sem varan er löglega framleidd og markaðssett undir í aðildarríkinu þar sem hún er framleidd, í aðildarríkinu þar sem markaðssetning fer fram.

Komi beiting annarra ákvæða þessarar tilskipunar, einkum þeirra sem fram koma í 3. gr., í veg fyrir að neytendur í aðildarríkinu, þar sem markaðssetning fer fram, fái rétta hugmynd um eðli matvælnanna og geti greint þau frá vörum sem þau kunna að vera tekin í misgripum fyrir skulu vöruheitinu fylgja frekari upplýsingar sem birta ber hjá því.

c) Í undantekningartilvikum skal ekki nota vöruheiti aðildarríkisins, þar sem framleiðsla fer fram, í aðildarríkinu þar sem markaðssetning fer fram ef matvælin, sem það auðkennir, eru svo frábrugðin þeim sem eru þekkt undir sama heiti, að því er varðar samsetningu eða framleiðslu, að ákvæði b-liðar nægja ekki til að tryggja að neytendur í aðildarríkinu, þar sem markaðssetning fer fram, fái réttar upplýsingar.

2. Vörumerki, sérheiti eða glysheiti má ekki koma í stað söluheitis.

3. Í vöruheiti skulu felast eða með því fylgja upplýsingar um ástand matvælnanna eða hvaða meðhöndlun þau hafa fengið (t.d. möluð, frostþurrkuð, djúpfrost, þykkt, reykt) í öllum þeim tilvikum þar sem skortur á slíkum upplýsingum gæti villt um fyrir kaupandanum.

Matvælum, sem eru meðhöndluð með jónandi geislun, þurfa að fylgja einhverjar eftirfarandi upplýsingar:

— á spænsku:

„irradiado“ eða „tratado con radiación ionizante“,

— á dönsku:

„bestrálet/...“ eða „strålekonserveret“ eða „behandlet med ioniserende stråling“ eða „konserveret med ioniserende stråling“,

— á þýsku:

„bestrahlt“ eða „mit ionisierenden Strahlen behandelt“,

— á grísku:

„επεξεργασμένο με ιονίζουσα ακτινοβολία“ eða „ακτινοβολημένο“,

— á ensku:

„irradiated“ eða „treated with ionising radiation“,

— á frönsku:

„traité par rayonnements ionisants“ eða „traité par ionisation“,

— á ítölsku:

„irradiato“ eða „trattato con radiazioni ionizzanti“,

— á hollensku:

„doorstraald“ eða „door bestraling behandeld“ eða „met ioniserende stralen behandeld“,

— á portúgölsku:

„irradiado“ eða „tratado por irradiação“ eða „tratado por radiação ionizante“,

— á finnsku:

„säteilytetty“ eða „käsitelty ionisoivalla säteilyllä“,

— á sænsku:

„bestrålad“ eða „behandlad med joniserande strålning“.

6. gr.

1. Innihaldslýsingin skal vera í samræmi við ákvæði þessarar greinar og I., II. og III. viðauka.

2. Innihaldslýsing er óþörf ef um er að ræða:

a) — ferska ávexti og matjurtir, þar með taldar kartöflur sem ekki hafa verið hýddar, sneiddar eða meðhöndlaðar á svipaðan hátt,

- kolsýrt vatn, þar sem í lýsingu kemur fram að það hafi verið kolsýrt,
- gerjað edik sem eingöngu er unnið úr einni grunnvöru, að því tilskildu að engum öðrum innihaldsefnum hafi verið bætt við,

b) — ost,

- smjör,
- gerjaða mjólk og rjóma,

að því tilskildu að engum innihaldsefnum hafi verið bætt í öðrum en mjólkurvörum, ensimum og örveru-stofnum sem nauðsynlegir eru vegna framleiðslu eða saltinu sem nauðsynlegt er til framleiðslu osta annarra en ferskra osta og bræddra osta,

c) vörur gerðar úr einu innihaldsefni:

- ef viðskiptaheitið er hið sama og heiti innihaldsefnisins, eða
- ef viðskiptaheitið gefur eðli innihaldsefnisins til kynna á skýran hátt.

3. Að því er varðar drykkjarvörur, sem í er meira en 1,2 % af vinnanda miðað við rúmmál, skal ráðið, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, ákveða reglur um merkingu innihaldsefna fyrir 22. desember 1982.

4. a) Með „innihaldsefni“ er átt við öll efni, þar með talin aukefni, sem notuð eru við framleiðslu eða tilreiðslu matvæla og enn finnast í tilbúinni vöru, jafnvel þó í breyttri mynd sé.

b) Ef innihaldsefni matvæla er sjálft afurð úr nokkrum innihaldsefnum skulu þau talin innihaldsefni matvæla sem um er að ræða.

c) Eftirfarandi efni skulu ekki talin innihaldsefni:

i) efnisþættir innihaldsefnis sem tímabundið hafa verið skildir frá í framleiðsluferlinu og síðar bætt í aftur en ekki umfram upprunaleg hlutföll;

ii) aukefni:

- sem eru í tilteknum matvælum einungis vegna þess að þau voru í einu eða fleiri innihaldsefnum þessara matvæla, að því tilskildu að þau gegni engu tæknilegu hlutverki í lokaafurðinni,
- sem eru notuð sem tæknileg hjálparefni við framleiðslu;

iii) efni sem notuð eru í magni sem bráðnauðsynlegt er sem leysir eða burðarefni fyrir aukefni eða bragðefni.

d) Í vissum tilvikum má taka ákvarðanir í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 20. gr. um það hvort skilyrðunum í ii- og iii-liðar sé fullnægt.

5. Innihaldslýsing skal ná yfir öll innihaldsefni matvæla, í röð eftir minnkandi magni, eins og þau eru skráð við notkun í framleiðslu matvæla. Hún skal birt á eftir viðeigandi fyrirsögn þar sem orðið „innihaldsefni“ er að finna.

Eigi að síður:

— skal vatn, sem bætt er út í, og roksgjörn efnasambönd skráð í röð eftir magni í lokaafurðinni; vatnsmagn, sem bætt er í sem innihaldsefni í matvælum, skal reikna með því að draga frá heildarmagn lokaafurðarinnar heildarmagn annarra innihaldsefna sem notuð eru. Óþarfi er að reikna með þessu magni ef það er undir 5% af þyngd lokaafurðarinnar,

— er heimilt að tilgreina innihaldsefni, sem notuð eru þykkt eða þurrkuð og endurþynnt í framleiðslu, í röð eftir magni eins og það var skráð fyrir þykkingu eða þurrkun,

— er heimilt, hvað varðar þykkt eða þurrkuð matvæli sem ætlast er til að verði endurþynnt með vatnsblöndun, að tilgreina innihaldsefni í röð eftir hlutföllum í endurþynntri vörunni, að því tilskildu að innihaldslýsingunni fylgi athugasemd á borð við „innihaldsefni í endurþynntri vöru“ eða „innihaldsefni í vörunni tilbúinni til notkunar“,

— er heimilt, hvað varðar blöndur ávaxta eða matjurta, þar sem ekki er umtalsvert meira af einni tegund ávaxta eða matjurta en annarri miðað við þyngd, að tilgreina þessi innihaldsefni í annarri röð, að því tilskildu að innihaldslýsingunni fylgi athugasemd á borð við „breytilegt hlutfall“,

— er heimilt, hvað varðar krydd- eða kryddjurtablöndur, þar sem ekkert innihaldsefnanna er í ráðandi magni, að tilgreina þessi innihaldsefni í annarri röð, að því tilskildu að innihaldslýsingunni fylgi athugasemd á borð við „breytilegt hlutfall“.

6. Innihaldsefni skulu bera sitt sérheiti, þar sem við á, í samræmi við þær reglur sem mælt er fyrir um í 5. gr.

Eigi að síður:

— þarf aðeins að tákna innihaldsefni, sem heyra undir einhvern flokkanna í I. viðauka og eru innihaldsefni í öðrum matvælum, með heiti þess flokks.

Heimilt er að gera breytingar á flokkaskránni í I. viðauka í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 20. gr.

Heitinu „sterkja“, sem er talið upp í I. viðauka, skal þó alltaf fylgja ábending um sérstakan uppruna úr jurtaríkinu séu líkur á að í þessu innihaldsefni sé glúten,

— skulu innihaldsefni, sem heyra undir einhvern flokkanna í II. viðauka, táknuð með heiti þess flokks og á eftir skal koma sérheiti eða EB-númer; ef innihaldsefni heyrir undir fleiri en einn flokk skal tilgreina flokkinn sem gegnir meginhlutverki þar sem umrædd matvæli eru annars vegar.

Breytingar á þessum viðauka, byggðar á framförum í vísindum og tækni, skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 20. gr.

Heitinu „umbreytt sterkja“, sem er talið upp í II. viðauka, skal þó alltaf fylgja ábending um sérstakan uppruna úr jurtaríkinu séu líkur á að í þessu innihaldsefni sé glúten,

- skal lýsa bragðefnum í samræmi við III. viðauka,
- skal samþykkja þau sérstöku bandalagsákvæði sem mæla fyrir um upplýsingar um meðhöndlun á innihaldsefnum með jónandi geislun í samræmi við 95. gr. sáttmálans.

7. Heimilt er að ákveða, samkvæmt bandalagsákvæðum eða, ef þau eru ekki til, samkvæmt ákvæðum landslaga, að ásamt vöruheiti tiltekinna matvæla skuli getið um tiltekin innihaldsefni.

Málsmeðferð sú, sem mælt er fyrir um í 16. gr., gildir um öll ákvæði landslaga að þessu lútandi.

Bandalagsákvæðin, sem um getur í þessari málsgrein, skulu samþykkt í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 20. gr.

8. Í tilvikinu, sem um getur í b-lið 4. mgr., er heimilt að skrá samsett innihaldsefni undir eigin heiti í innihaldslýsingu að því marki sem ákveðið er í lögum eða staðfest samkvæmt hefð með tilliti til heildarmagns, að því tilskildu að jafnframt fylgi með innihaldslýsingu efnanna.

Slík lýsing er þó ekki lögboðin:

- a) þegar samsetta innihaldsefnið er minna en 25 % af fullunnu vörunni; þessi undantekning gildir ekki um aukefni, samanber þó ákvæði c-liðar 4. mgr.;
- b) þegar samsetta innihaldsefnið er matvæli sem innihaldslýsing þarf ekki að fylgja með samkvæmt reglum bandalagsins.

9. Þrátt fyrir 5. mgr. þarf ekki að tilgreina vatnsinnihald:

- a) þegar vatnið er notað í framleiðsluferlin einungis til endurþynningar á innihaldsefni sem notað er í þykktu eða afvötnuðu formi;
- b) ef um er að ræða lög sem ekki er, að öllu jöfnu, ætlaður til neyslu.

7. gr.

1. Tilgreina ber magn innihaldsefnis eða flokk innihaldsefna, sem eru notuð við framleiðslu eða tilreiðslu matvæla, í samræmi við þessa grein.

2. Ábendingin, sem um getur í 1. mgr., er lögboðin:

- a) ef viðkomandi innihaldsefni eða flokkur innihaldsefna kemur fram í því heiti sem matvælin eru seld undir eða neytendur eru vanir að tengja það/hann við sama heiti; eða
- b) ef með merkingu er lögð áhersla á viðkomandi innihaldsefni eða flokk innihaldsefna með orðum, myndum eða grafískri framsetningu; eða
- c) ef viðkomandi innihaldsefni eða flokkur innihaldsefna er nauðsynlegur til að einkenna matvæli og greina þau frá vörum sem þau kunna að vera tekin í misgripum fyrir vegna nafngiftar þeirra eða útlits; eða

d) í þeim tilvikum sem eru ákveðin í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 20. gr.

3. Ákvæði 2. mgr. gilda ekki:

- a) um innihaldsefni eða flokk innihaldsefna:
 - þegar nettóþyngd án vökva er gefin upp í samræmi við ákvæði 4. mgr. 8. gr., eða
 - þegar þess er krafist að magn sé uppgefið á merkingum samkvæmt bandalagsákvæðum, eða
 - sem eru notuð í litlu magni sem bragðefni, eða
 - sem hafa ekki, þrátt fyrir að koma fram í því heiti sem matvælin eru seld undir, afgerandi áhrif á val neytenda í landinu, þar sem markaðssetning fer fram, af þeirri ástæðu að sveiflur í magni eru of lítilvægar til þess að einkenna matvælin eða greina þau frá líkum vörum. Í vafatilvikum ber að beita málsmeðferðinni, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 20. gr., til að ákveða hvort skilyrðunum, sem mælt er fyrir um í þessum undirlið, er fullnægt;

b) ef sérstök bandalagsákvæði mæla fyrir um nákvæmt magn innihaldsefnis eða flokk innihaldsefna án þess að kveða á um að slíkt skuli gefið til kynna í merkingum;

c) í þeim tilvikum sem um getur í fjórða og fimmta undirlið 5. mgr. 6. gr.;

d) í þeim tilvikum sem eru ákveðin í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 20. gr.

4. Magnið, sem greint er frá, gefið upp sem hundradshluti, skal samsvara magni innihaldsefnisins eða innihaldsefnanna þegar gripið er til notkunar þess/þeirra. Bandalagsákvæði geta þó heimilað að vikið sé frá þessari meginreglu að því er varðar tiltekin matvæli. Samþykkja ber slík ákvæði í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 20. gr.

5. Ábendingin, sem um getur í 1. mgr., komi fram annaðhvort næst á eftir því heiti, sem matvælin eru seld undir, eða á eftir innihaldslýsingu í tengslum við innihaldsefnið sem um er að ræða.

6. Ákvæði þessar greinar gilda með fyrirvara um bandalagsreglur um merkingu næringarinnihalds matvæla.

8. gr.

1. Nettómagn matvæla í neytendaumbúðum skal tilgreint:

- í rúmtakseiningum, sé um vökva að ræða;
- í þyngdareiningum, sé um aðrar vörur að ræða;

og nota skal lítra, sentílítra, millílítra, kílógramm eða gramm eftir því sem við á.

Heimilt er, samkvæmt bandalagsákvæðum eða, ef þau eru ekki til, samkvæmt ákvæðum landslaga, að vikja frá þessari reglu vegna tiltekinna matvæla.

Málsmeðferð sú, sem mælt er fyrir um í 16. gr., gildir um öll slík ákvæði landslaga.

2. a) Þegar þess er krafist í bandalagsákvæðum að greint sé frá magni á tiltekinn hátt (t.d. nafnmagni, lágmarksmagni, meðalmagni) eða, ef þau vantar, í ákvæðum landslaga skal þetta magn talið nettómagn í skilningi þessarar tilskipunar.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um allar ráðstafanir sem gerðar eru samkvæmt þessum lið, samanber þó ákvæði um tilkynningu í 24. gr.

- b) Samkvæmt bandalagsákvæðum eða, ef þau eru ekki til, ákvæðum landslaga er heimilt, vegna tiltekinna matvæla sem flokkuð eru eftir magni, að krefjast þess að magn sé tilgreint á annan hátt.

Málsmeðferð sú, sem mælt er fyrir um í 19. gr., gildir um öll slík ákvæði landslaga.

- c) Þegar vara í neytendaumbúðum er samsett úr tveimur eða fleiri stökum einingum í neytendaumbúðum sem innihalda sama magn af sömu vöru skal tilgreina nettómagn með því að gefa upp nettómagn og heildarfjölda slíkra umbúðaeininga. Ekki er þó skylt að tilgreina þessar upplýsingar þegar glöggst má sjá og telja heildarfjölda einstakra umbúðaeininga utan frá og svo fremi sem tilgreint nettómagn hverrar einstakrar umbúðaeiningar megi sjá greinilega utan frá.

- d) Þegar vara í neytendaumbúðum er samsett úr tveimur eða fleiri stökum einingum sem ekki teljast sölueiningar skal nettómagn gefið upp sem heildarnettómagn og heildarfjöldi einstakra eininga. Í bandalagsákvæðum eða, ef þau eru ekki til, í ákvæðum landslaga er ekki nauðsynlegt að fara fram á, að því er varðar tiltekin matvæli, að heildarfjöldi einstakra eininga sé tilgreindur.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um allar ráðstafanir sem gerðar eru samkvæmt þessum lið, samanber þó ákvæði um tilkynningu í 24. gr.

3. Ef um er að ræða matvæli sem venjulega eru seld í stykkjatali þurfa aðildarríkin ekki að tilgreina nettómagn, að því tilskildu að einingafjölda megi auðveldlega sjá og telja utan frá eða, ef svo er ekki, að það komi fram á merkingunni.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um allar ráðstafanir sem gerðar eru samkvæmt þessari málsgrein, samanber þó ákvæði um tilkynningu í 24. gr.

4. Þegar matvæli í föstu formi eru í legi skal einnig gefa upp á merkingunni nettóþyngd matvællanna án lagar.

Í þessari málsgrein merkir „lögur“ eftirfarandi efni, ef til vill blöndu af þeim, einnig ef þau eru fryst eða hraðfryst, að því tilskildu að lögurinn sé einungis viðbót við meginhluta

vörunnar og því ekki afgerandi hluti af kaupunum: vatn, saltlausn, saltþekill, vatnslausnir af matvælasýrum, edik, sykurlausn, önnur sætuefnalausn, ávaxta- og matjurtasafar ef um er að ræða ávexti eða matjurtir.

Bæta má við listann í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 20. gr.

Aðferðir við eftirlit með nettóþyngd án vökva skulu ákvarðaðar í samræmi við málsmeðferð þá sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 20. gr.

5. Ekki er skylt að gefa upp nettómagn matvæla:

a) sem hætt er við að verði fyrir umtalsverðu rúmmáls- eða þyngdartapi og eru seld í stykkjatali eða vigtuð að kaupandanum viðstöddum;

b) þegar nettómagn þeirra er minna en 5 g eða 5 ml; þetta ákvæði gildir ekki um krydd og kryddjurtir.

Heimilt er, samkvæmt bandalagsákvæðum eða, ef þau eru ekki til, samkvæmt ákvæðum landslaga sem gilda um tiltekin matvæli, að ákvarða viðmiðunarmörk sem eru hærri en 5 g eða 5 ml, að því tilskildu að það leiði ekki til þess að kaupandinn fái ónógar upplýsingar.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um allar ráðstafanir sem gerðar eru samkvæmt þessari málsgrein, samanber þó ákvæði um tilkynningu í 24. gr.

6. Bandalagsákvæðin, sem vísað er til í annarri undirgrein 1. mgr., b- og d-lið 2. mgr. og annarri undirgrein 5. mgr., skulu samþykkt í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 20. gr.

9. gr.

1. Lágmarksgeymsluþol matvæla skal gefið upp með dagsetningu sem gefur til kynna þann tíma sem matvælin halda sérstökum eiginleikum sínum við réttar geymsluáðstæður.

Þetta skal tilgreint í samræmi við 2. og 5. mgr.

2. Á undan dagsetningunni komi þessi orð:

— „best fyrir ...“ þegar dagurinn kemur fram,

— „best fyrir lok ...“ í öðrum tilvikum.

3. Orðunum, sem um getur í 2. mgr., fylgi:

— annaðhvort sjálf dagsetningin eða

— tilvísun í það hvar dagsetningin kemur fram í merkingunni.

Þessum upplýsingum skal, ef þörf krefur, fylgja lýsing á geymsluskilyrðunum sem uppfylla verður eigi varan að haldast óskemmd í þann tíma sem tiltekinn er.

4. Í dagsetningunni þarf að koma ótvírætt fram og í þessari röð: dagur, mánuður og ár.

Sé hins vegar um að ræða matvæli:

— sem geymast skemur en þrjá mánuði nægir að tilgreina dag og mánuð,

- sem geymast lengur en þrjá mánuði en skemur en 18 mánuði nægir að tilgreina ár,
- sem geymast lengur en 18 mánuði nægir að tilgreina ár.

Heimilt er að tilgreina dagsetninguna í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 20. gr.

5. Ekki er skylt að tilgreina dagsetningu um lágmarksgeymsluþol fyrir eftirtaldir vörur, með fyrirvara um bandalagsákvæði sem mæla fyrir um að aðrar dagsetningar séu tilgreindar:

- ferskir ávextir og matjurtir, þar með taldir kartöflur sem ekki hafa verið hýddar, sneiddar eða meðhöndlaðar á svipaðan hátt. Þessi undanþága skal ekki gilda um spírur og áþekkar vörur, svo sem belgspírur,
- vín, líkjörar, freyðivín, kryddvín og svipaðar vörur, sem unnar eru úr ávöxtum öðrum en þrúgum, og drykkjarvörur sem falla undir SAT-númer 2206 00 91, 2206 00 93 og 2206 00 99 og eru framleiddar úr þrúgum eða þrúgulegi,
- drykkjarvörur sem í er 10% eða meira af vínanda miðað við rúmmál,
- gosdrykkir, aldinsafi, ávaxtdrykkir og áfengir drykkir í stökum umbúðum, sem rúma meira en fimm lítra, ætluð fyrir stóreldhús,
- bökunarvörur og bókur sem vegna eiginleika innihalds er að öllu jöfnu neytt innan sólarhrings frá framleiðslu,
- edik,
- matarsalt,
- sykur,
- sælgæti næstum eingöngu gert úr bragðbættum og/eða lituðum sykrum,
- tyggigúmmí og svipaðar vörur,
- rjómaís í sérkömmtum.

10. gr.

1. Ef um er að ræða matvæli sem eru mjög viðkvæm fyrir skemmdum frá örverufræðilegu sjónarmiði, og þar af leiðandi líklegt að þau séu skaðleg heilsu manna eftir stutta geymslu, skal dagsetning um lágmarksgeymsluþol koma í stað síðasta notkunardags.

2. Á undan dagsetningunni komi þessi orð:

- á spænsku: „fecha de caducidad“,
- á dönsku: „sidste anvendelsesdato“,
- á þýsku: „verbrauchen bis“,
- á grísku: „ανάλωση μέχρη“,
- á ensku: „use by“,
- á frönsku: „à consommer jusqu'au“,
- á ítölsku: „da consumare entro“,
- á hollensku: „te gebruiken tot“,
- á portúgölsku: „a consumir até“,

- á finnsku: „viimeinen käyttöajankohta“,
- á sænsku: „sista förbrukningsdag“.

Með þessum orðum standi:

- annaðhvort sjálf dagsetningin eða
- tilvísun í það hvar dagsetningin kemur fram í merkingunni.

Þessum upplýsingum skal fylgja lýsing á geymsluskilyrðum sem verður að uppfylla.

3. Í dagsetningunni þarf að koma ótvírætt fram í þessari röð: dagur, mánuður og jafnvel ár.

4. Í sumum tilvikum er heimilt að beita málsmeðferðinni, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 20. gr., til að ákveða hvort skilyrðunum, sem mælt er fyrir um í 1. mgr., er fullnægt.

11. gr.

1. Leiðbeiningar um notkun matvæla skal setja fram þannig að þau nýtist á viðeigandi hátt.

2. Ef um er að ræða sérstök matvæli er heimilt, samkvæmt bandalagsákvæðum eða, ef þau eru ekki til, samkvæmt ákvæðum landslaga, að kveða nánar á um með hvaða hætti notkunarleiðbeiningar eru tilgreindar.

Málsmeðferð sú, sem mælt er fyrir um í 19. gr., skal gilda um slík ákvæði í landslögum.

Bandalagsákvæðin, sem um getur í þessari málsgrein, skulu samþykkt í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 20. gr.

12. gr.

Reglur um upplýsingar um alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál skulu, ef um er að ræða vörur undir tollaflokkunarnúmerunum 22.04 og 22.05, vera í samræmi við þær sem mælt er fyrir um í sérstökum bandalagsákvæðum sem gilda um slíkar vörur.

Að því er varðar drykkjarvörur sem í er meira en 1,2 % af alkóhóli miðað við rúmmál skal mælt fyrir um í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 2. mgr. 20. gr.

13. gr.

1. a) Þegar matvæli eru í neytendaumbúðum skulu upplýsingarnar, sem getið er í 3. gr. og 2. mgr. 4. gr., koma fram á neytendaumbúðunum eða á merkimiða sem fylgir þeim.

b) Ef, þrátt fyrir a-lið og með fyrirvara um bandalagsákvæði um nafnmagn, matvæli í neytendaumbúðum eru:

- ætluð neytanda en markaðsett áður en þau eru seld neytanda og ef þau eru ekki seld til stóreldhúss á því stigi,

— ætluð fyrir stóreldhús til tilreiðslu, vinnslu, til að sneiða eða skera niður,

þurfa eingöngu upplýsingarnar, sem krafist er í 3. gr. og 2. mgr. 4. gr., að koma fram á viðskiptaskjólum með matvælunum ef tryggt er að slík skjöl, sem innihalda allar upplýsingarnar, fylgja annaðhvort matvælunum sem þau vísa til eða hafa verið send á undan eða með sendingunni.

c) Í því tilviki, sem um getur í b-lið, skulu upplýsingarnar, sem um getur í 1., 5. og 7. lið 1. mgr. 3. gr., og, ef við á, sem getið er um í 10. gr., einnig koma fram á ytri umbúðum sem matvælin eru markaðssett í.

2. Upplýsingarnar, sem nefndar eru í 3. gr. og 2. mgr. 4. gr., skulu vera auðskiljanlegar og merktar á áberandi stað þannig að þær sjáist greinilega og séu auðlæsilegar og óafmáanlegar.

Annað rit- eða myndmál skal ekki hylja þær, skyggja á þær eða tjúfa þær.

3. Upplýsingarnar, sem skráðar eru í 1., 4., 5. og 10. lið 1. mgr. 3. gr., skulu vera á einu sjónarsviði.

Heimilt er að rýmka skilyrðin í samræmi við upplýsingarnar sem kveðið er á um í 2. mgr. 4. gr.

4. Þegar um er að ræða glerflöskur sem á að endurnýta og eru með óafmáanlegar merkingar og þess vegna ekki með neinn merkimiða, hring eða kraga, og mestur hluti ytri eða innri umbúða er minna en 10 cm², þurfa einungis upplýsingarnar, sem skráðar eru í 1., 4. og 5. lið 1. mgr. 3. gr., að koma fram.

Í því tilviki gildir 3. mgr. ekki.

5. Írland, Holland og Breska konungsríkið mega víkja frá 1. mgr. 3. gr. og 3. mgr. þessarar greinar ef um er að ræða mjólk og mjólkurafurðir sem settar eru í glerflöskur sem á að nota aftur.

Þessi lönd skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um ráðstafanir sem gerðar eru í samræmi við fyrsta undirlið.

14. gr.

Ef matvæli eru boðin neytanda eða stóreldhúsi til sölu án neytendaumbúða, eða matvælum er pakkað á sölustað að beiðni neytanda eða eru í neytendaumbúðum til beinnar sölu, skulu aðildarríkin samþykkja nákvæmar reglur um hvernig ber að sýna upplýsingarnar sem tilgreindar eru í 3. gr. og 2. mgr. 4. gr.

Þau geta ákveðið að krefjast ekki allra eða einhverra þessara upplýsinga, að því tilskildu að kaupandinn fái nægilegar upplýsingar.

15. gr.

Tilskipunin skal ekki hafa áhrif á ákvæði í landslögum sem fela í sér vægari kröfur um merkingar matvæla í skrautumbúðum, á borð við skrautstytur eða minjagripi, ef bandalagsákvæði fyrirfinnast ekki.

16. gr.

1. Aðildarríkjunum ber að tryggja að sala matvæla á yfirráðasvæði þeirra sé bönnuð ef upplýsingarnar, sem kveðið er á um í 3. gr. og 2. mgr. 4. gr., eru ekki á tungumáli sem neytendur hafa á valdi sínu, nema aðrar ráðstafanir, sem eru ákveðnar í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 20. gr., hafi verið gerðar til þess að upplýsa neytendur um það eða þau atriði sem felast í merkingum.

2. Aðildarríkinu, þar sem varan er markaðssett, er heimilt, á yfirráðasvæði sínu og í samræmi við reglur sáttmálans, að mæla fyrir um að fyrrnefndar upplýsingar í merkingum skuli birtar á einu eða fleiri tungumálum sem það velur úr hópi opinberra tungumála bandalagsins.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. útiloka ekki að upplýsingar í merkingum séu tilgreindar á fleiri en einu tungumáli.

17. gr.

Aðildarríki skulu ekki fara fram á meiri nákvæmni en getið er í 3. til 13. gr. um hvernig eigi að birta upplýsingarnar sem koma fram í 3. gr. og 2. mgr. 4. gr.

18. gr.

1. Aðildarríki geta ekki bannað verslun með matvæli, sem samræmast reglunum, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, með því að beita ósamræmdum, innlendum ákvæðum um merkingu og kynningu á tilteknum matvælum eða matvælum almenn.

2. Ákvæði 1. mgr. skulu ekki gilda um ósamræmd innlend ákvæði sem grundvallast á af eftirfarandi:

— að tryggja almannaeilbrigði,

— að fyrirbyggja svik, nema slík ákvæði hindri að farið sé eftir skilgreiningum og reglum sem mælt er fyrir um í tilskipuninni,

— að vernda einkarétt á sviði iðnaðar og verslunar, að veita upplýsingar um uppruna, skrásetja upprunataknun og að hindra óréttmæta samkeppni.

19. gr.

Þegar fjallað er um þessa grein skal eftirfarandi málsmeðferð gilda ef aðildarríki telur nauðsynlegt að samþykkja nýja löggjöf.

Það skal tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um fyrirhugaðar ráðstafanir og færa fram rök sem réttlæta þær. Framkvæmdastjórnin skal hafa samráð við aðildarríkin í fastanefndinni um matvæli sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 69/414/EBE ⁽¹⁾ ef hún telur slíkt samráð gagnlegt eða ef aðildarríki fer fram á það.

Aðildarríkin geta aðeins gert slíkar ráðstafanir þremur mánuðum eftir slíka tilkynningu og að því tilskildu að álit framkvæmdastjórnarinnar sé ekki neikvætt.

(¹) Stjóð. EB L 291, 29.11.1969, bls. 9.

Ef það síðara á við og áður en ofangreindur frestur rennur út skal framkvæmdastjórnin hefja málsmeðferðina, sem kveðið er á um í 2. mgr. 20. gr., í því augnamiði að ákveða hvort hægt sé að beita fyrirhuguðum ráðstöfunum, samanber þó viðeigandi breytingar.

20. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar fastanefndar um matvæli (sem hér á eftir nefnist „nefndin“).

2. Þegar fjallað er um þessa málsgrein gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem um getur í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

21. gr.

Ef bráðabirgðaráðstafanir eru nauðsynlegar til að greiða fyrir beitingu þessarar tilskipunar skulu þær samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 2. mgr. 20. gr.

22. gr.

Tilskipun þessi skal ekki hafa áhrif á bandalagsákvæði um merkingu og kynningu tiltekinna matvæla sem samþykkt voru 22. desember 1978.

Allar breytingar, sem nauðsynlegar eru til að samræma þessi ákvæði og reglurnar sem mælt er fyrir um í tilskipuninni, skulu ákveðnar í samræmi við málsmeðferðina sem gildir um þau ákvæði sem um ræðir.

23. gr.

Þessi tilskipun gildir ekki um vörur til útflutnings frá bandalaginu.

24. gr.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að framkvæmdastjórninni berist helstu ákvæði landslaga sem sett eru á því sviði sem þessi tilskipun nær til.

25. gr.

Tilskipun þessi tekur einnig til frönsku umdæmanna handan hafsins.

26. gr.

1. Tilskipun 79/112/EBE, eins og henni var breytt með tilvísununum sem um getur í A-hluta IV. viðauka, fellur úr gildi með fyrirvara um skyldur aðildarríkjanna hvað varðar frest á lögleiðingu sem mælt er fyrir um í B-hluta IV. viðauka.

2. Lita ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samanburðartöflunni í V. viðauka.

27. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

28. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. mars 2000.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

N. FONTAINE

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

J. GAMA

forseti.

I. VIÐAUKI

HEIMILT ER AÐ TILGREINA EFTIRFARANÐI FLOKKA INNIHALÐSEFNA MEÐ HEITI FLOKKSINS
Í STAÐ SÉRHEITA

| <i>Skilgreining</i> | <i>Heiti</i> |
|---|--|
| Hreinsaðar olíur aðrar en ólífúolíur | „Olía“ ásamt — annaðhvort orðunum „úr dýraríkinu“ eða „úr jurta-ríkinu“, eftir því sem við á, eða — upplýsingum um nákvæman uppruna þeirra í dýra- eða jurtaríkinu Skylt er að nota lýsingarorðið „hert“ til að auðkenna herta olíu ef uppruni hennar í dýra- eða jurtaríkinu er gefinn |
| Hreinsuð fita | „Fita“ ásamt — annaðhvort orðunum „úr dýraríkinu“ eða „úr jurta-ríkinu“ eftir því sem við á, eða — upplýsingum um nákvæman uppruna þeirra í dýra- eða jurtaríkinu Skylt er að nota lýsingarorðið „hert“ til að auðkenna herta fitu ef uppruni hennar í dýra- eða jurtaríkinu er gefinn |
| Blandað mjöl úr tveimur eða fleiri korntegundum | „Mjöl“ ásamt þeim korntegundum sem það er gert úr, raðað eftir minnkandi magni |
| Sterkja og sterkja sem umbreytt hefur verið með eðlisfræði- eða ensímaðferðum | „Sterkja“ |
| Allar fisktegundir ef fiskur er innihaldsefni í öðrum matvælum og að því tilskildu að hvorki vöruheiti né umbúðir matvælna gefi til kynna sérstaka fisktegund | „Fiskur“ |
| Allar tegundir osta ef osturinn eða blanda osta er innihaldsefni í öðrum matvælum og að því tilskildu að hvorki vöruheiti né umbúðir matvælna gefi til kynna sérstaka tegund osta | „Ostur“ |
| Allt krydd sem er ekki meira en 2% af þyngd matvæla | „Krydd“ eða „kryddblanda“ |
| Allar kryddjurtir eða hlutar þeirra sem eru ekki meira en 2% af þyngd matvæla | „Kryddjurt(ir)“ eða „kryddjurtablanda“ |
| Allar tegundir gúmmis sem notaðar eru við gerð gúmmiefna í tyggigúmmi | „Gúmmiefni“ |
| Allar tegundir bakaðra og muldra kornvara | „Mylsna“ eða „tvíbökur“ eftir því sem við á |
| Allar tegundir súkrós | „Sykur“ |
| Vatnsfirtur dextrósi og einvatnadextrósi | „Þrúguzykur“ |
| Glúkósasíróp og vatnsfritt glúkósasíróp | „Glúkósasíróp“ |
| Allar gerðir mjólkurprótíns (ostefni, kasínöt og mysuprótín) og blöndur úr því | „Mjólkurprótín“ |
| Pressað, skrúfupressað eða hreinsað kakósmjör | „Kakósmjör“ |
| Allir sykurlúðaðir ávextir sem eru ekki meira en 10% af þyngd matvæla | „Sykurlúðaðir ávextir“ |
| Grænmetisblöndur sem eru ekki meira en 10% af þyngd matvæla | „Grænmeti“ |
| Allar tegundir af víni eins og það er skilgreint í reglugerð ráðsins (EB) nr. 1493/1999 frá 17. maí 1999 um samhæft markaðsskipulag á víni ⁽¹⁾ | „Vín“ |

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 179, 14.7.1999, bls. 1.

II. VIÐAUKI

SKYLT ER AÐ TILGREINA EFTIRFARANDI FLOKKA INNIHALDSEFNA MEÐ HEITI FLOKKSINS SEM ÞAU HEYRA UNDIR AUK SÉRHEITA ÞEIRRA EÐA EB-NÚMERA

| | |
|-------------------|---------------------------------|
| Litarefni | Umbreytt sterkja ⁽¹⁾ |
| Rotvarnarefni | Sætuefni |
| Þráavarnarefni | Lýftiefni |
| Ýruefni | Froðueyðir |
| Þykkingarefni | Yfirborðsefni |
| Hleypiefni | Ýruefnasölt ⁽²⁾ |
| Bindiefni | Hveitimeðhöndlunarefni |
| Bragðaukandi efni | Festiefni |
| Sýrur | Rakaefni |
| Sýrustillir | Umfangsauki |
| Kekkjavarnarefni | Drifgas |

⁽¹⁾ Ekki er skylt að tilgreina sérheiti eða EB-númer.

⁽²⁾ Á einungis við um brædda osta og vörur úr þeim.

III. VIÐAUKI

MERKING Á BRAGÐEFNUM Í INNIHALDSLÝSINGU

1. Bragðefni skulu merkt annaðhvort með orðinu „bragðefni“ eða með sérheiti eða lýsingu á bragðefninu.
2. Hægt er að nota orðið „náttúrulegt“ eða önnur orð sömu merkingar yfir bragðefni þar sem bragðefnisþátturinn inniheldur eingöngu bragðefni eins og þau eru skilgreind í i-lið b-liðar 2. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 88/388/EBE frá 22. júní 1988 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um bragðefni til notkunar í matvælum og grunnefni til framleiðslu þeirra ⁽¹⁾ og/eða bragðefnablöndur í c-lið 2. mgr. 1. gr. téðrar tilskipunar.
3. Ef heiti bragðefnisins felur í sér vísun í efnishluta sem eru að uppruna úr jurta- eða dýraríki er ekki heimilt að nota orðið „náttúrulegt“ eða eitthvert annað orð sömu merkingar nema bragðefnablandan hafi verið einangruð með viðeigandi eðlisfræðilegri vinnslu, ensímvinnslu eða örverufræðilegri vinnslu eða hefðbundinni matvælavinnslu eingöngu eða næstum eingöngu úr þeim matvælum eða bragðefnagjafa sem um er að ræða.

⁽¹⁾ Stjótd. EB L 184, 15.7. 1988, bls. 61. Tilskipuninni var breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/71/EBE (Stjótd. EB L 42, 15.2. 1991, bls. 25).

IV. VIÐAUKI

A-HLUTI

NIÐURFELLD TILSKIPUN OG SÍÐARI BREYTINGAR Á HENNI

(sem um getur í 26. gr.)

Tilskipun ráðsins 79/112/EBE (Stjtið. EB L 33, 8.2.1979, bls. 1)

Tilskipun ráðsins 85/7/EBE (Stjtið. EB L 2, 3.1.1985, bls. 22), aðeins 9. mgr. 1. gr.

Tilskipun ráðsins 86/197/EBE (Stjtið. EB L 144, 29.5.1986, bls. 38)

Tilskipun ráðsins 89/395/EBE (Stjtið. EB L 186, 30.6.1989, bls. 17)

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/72/EBE (Stjtið. EB L 42, 15.2.1991, bls. 27)

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 93/102/EB (Stjtið. EB L 291, 25.11.1993, bls. 14)

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/42/EB (Stjtið. EB L 182, 2.8.1995, bls. 20)

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/4/EB (Stjtið. EB L 43, 14.2.1997, bls. 21)

B-HLUTI

FRESTUR Á LÖGLEIÐINGU Í AÐILDARRÍKJUNUM

(sem um getur í 26. gr.)

| Tilskipun | Frestur til lögleiðingar | Skráning markaðsvara samkvæmt þessari tilskipun | Bann á markaðsvörum sem ekki eru í samræmi við þessa tilskipun |
|------------|--------------------------|---|--|
| 79/112/EBE | | 22. desember 1980 | 22. desember 1982 |
| 85/7/EBE | | | |
| 86/197/EBE | | 1. maí 1988 | 1. maí 1989 |
| 89/395/EBE | | 20. desember 1990 | 20. júní 1992 |
| 91/72/EBE | | 30. júní 1992 | 1. janúar 1994 |
| 93/102/EB | 30. desember 1994 | 1. janúar 1995 | 30. júní 1996 |
| 95/42/EB | | | |
| 97/4/EB | | 14. ágúst 1998 | 14. febrúar 2000 |

V. VIÐAUKI

SAMANBURÐARTAFLA

| Tilskipun 79/112/EBE | Þessi tilskipun |
|---|--|
| 1. gr. | 1. gr. |
| 2. gr. | 2. gr. |
| 1.-liður 1. mgr. 3. gr. | 1-liður 1. mgr. 3. gr. |
| 2.-liður 1. mgr. 3. gr. | 2-liður 1. mgr. 3. gr. |
| liður 2a 1. mgr. 3. gr. | 3-liður 1. mgr. 3. gr. |
| 3.-liður 1. mgr. 3. gr. | 4-liður 1. mgr. 3. gr. |
| 4.-liður 1. mgr. 3. gr. | 5-liður 1. mgr. 3. gr. |
| 5.-liður 1. mgr. 3. gr. | 6-liður 1. mgr. 3. gr. |
| 6.-liður 1. mgr. 3. gr. | 7-liður 1. mgr. 3. gr. |
| 7.-liður 1. mgr. 3. gr. | 8-liður 1. mgr. 3. gr. |
| 8.-liður 1. mgr. 3. gr. | 9-liður 1. mgr. 3. gr. |
| 9.-liður 1. mgr. 3. gr. | 10-liður 1. mgr. 3. gr. |
| 2. og 3. mgr. 3. gr. | 2. og 3. mgr. 3. gr. |
| 4. gr. | 4. gr. |
| 5. gr. | 5. gr. |
| 1., 2. og 3. mgr. 6. gr. | 1., 2. og 3. mgr. 6. gr. |
| a- og b-liður 4. mgr. 6. gr. | a- og b-liður 4. mgr. 6. gr. |
| i-liður c-liðar 4. mgr. 6. gr. | i-liður í c-lið 4. mgr. 6. gr. |
| fyrsti undirliður ii-liðar í c-lið 4. mgr. 6. gr. | ii-liður í c-lið 4 mgr. 6. gr. |
| annar undirliður ii-liðar í c-lið 4. mgr. 6. gr. | iii-liður í c-lið 4 mgr. 6. gr. |
| d-liður 4. mgr. 6. gr. | d-liður 4. mgr. 6. gr. |
| a-liður 5. mgr. 6. gr. | 5. mgr. 6. gr. |
| b-liður 5. mgr. 6. gr. | 6. mgr. 6. gr. |
| 6. mgr. 6. gr. | 7. mgr. 6. gr. |
| fyrsta undirgrein 7. mgr. 6. gr. | fyrsti undirgrein 8. mgr. 6. gr. |
| fyrsti og annar undirliður annarrar undirgr. 7. mgr. 6. gr. | a- og b-liður annarrar undirgreinar 8. mgr. 6. gr. |
| 8. mgr. 6. gr. | 9. mgr. 6. gr. |
| 7. gr. | 7. gr. |
| 1. til 5. mgr. 8. gr. | 1. til 5. mgr. 8. gr. |
| 6. mgr. 8. gr. | — |
| 7. mgr. 8. gr. | 6. mgr. 8. gr. |
| 1. til 4. mgr. 9. gr. | 1. til 4. mgr. 9. gr. |
| 5. mgr. 9. gr. | — |
| 6. mgr. 9. gr. | 5. mgr. 9. gr. |
| 9. gr. a | 10. gr. |
| 10. gr. | 11. gr. |
| 10. gr. a | 12. gr. |
| 1. og 2. mgr. 11. gr. | 1. og 2. mgr. 13. gr. |
| a-liður 3. mgr. 11. gr. | 3. mgr. 13. gr. |
| b-liður 3. mgr. 11. gr. | — |
| 4. mgr. 11. gr. | 4. mgr. 13. gr. |
| 5. mgr. 11. gr. | — |
| 6. mgr. 11. gr. | fyrsta undirgrein 5. mgr. 13. gr. |
| 7. mgr. 11. gr. | önnur undirgrein 5. mgr. 13. gr. |
| 12. og 13. gr. | 14. og 15. gr. |
| 13. gr. a | 16. gr. |
| 14. og 15. gr. | 17. og 18. gr. |
| 1. mgr. 16. gr. | — |
| 2. mgr. 16. gr. | 19. gr. |
| fyrsta undirgrein 17. gr. | 1. mgr. 20. gr. |
| 2., 3., 4. og 5. mgr. 17. gr. | 2. mgr. 20. gr. |

| Tilskipun 79/112/EBE | Þessi tilskipun |
|---------------------------|---------------------|
| 18. gr. | — |
| 19., 20. og 21. gr. | 21., 22. og 23. gr. |
| 1., 2. og 3. mgr. 22. gr. | — |
| 4. mgr. 22. gr. | 24. gr. |
| 23. gr. | — |
| 24. gr. | 25. gr. |
| 25. gr. | — |
| 26. gr. | — |
| — | 26. gr. |
| — | 27. gr. |
| — | 28. gr. |
| I. viðauki | I. viðauki |
| II. viðauki | II. viðauki |
| III. viðauki | III. viðauki |
| — | IV. viðauki |
| — | V. viðauki |